



**Millilag fyrir auðguð gögn úr
landupplýsingakerfi**



Hvaða vandamál er verið að leysa?

- Reykjavíkurborg notar og birtir landupplýsingagögn víða með auka upplýsingum (svo sem texta, hlekki, ljósmyndir og PDF skjöl) sem ekki eiga heima í landupplýsingakerfi.
 - Dæmi: Framkvæmdakortið, húsnæðisuppbygging, hverfasjá og leikskólareiknirinn.
- Samkvæmt skipulagslögum nr 123/2010 eru fyrirmæli um að allt skipulag á Íslandi þar með talið hverfisskipulag, sem er deiliskipulag í grónum hverfum – eigi að vera orðið aðgengilegt á stafrænu formi 1 janúar 2025.
 - Þar með talið þarf að birta talsvert af skjölum og hlekkjum sem ekki eiga heima í landupplýsingakerfi.



Af hverju millilag LUKR gagna?

- LUKR er mjög verðmætt og gott landupplýsingakerfi. Tæknilega er það ekki gert til að innihalda mikið af auka upplýsingum um landupplýsingar.
- Forritarar og/eða aðrir sérfræðingar hafa því þurft að smíða flóknar vefþjónustur og sækja gögn á ýmsa staði í hvert skipti sem þau vilja birta landupplýsingagögn í þjónustunum okkar.
- Með millilaginiu heyra þessi vandamál sögunni til. Í millilagið er auðvelt að bæta við fylgigögnum af öllum gerðum, millilagið hefur tengingu við LUKR og sækir þær landupplýsingar sem þarf hverju sinni og miðlar áfram til annarra þjónusta.




Af hverju millilag LUKR gagna?

- Með millilaginu fáum við einn miðlægan stað fyrir upplýsingar sem þarf einungis að vinna einu sinni.
- Hægt er að hengja öll þau gögn sem þarf á landupplýsingarnar með lítilli fyrirhöfn og hægt er að birta sömu upplýsingar á fleiri en einum stað í einu.
 - Verði breytingar – t.d. póstnúmer eða hverfaskipulag þá væri hægt að breyta því á einum miðlægum stað (millilaginu) og óþarfi að gera sömu breyta á mörgum mismunandi stöðum
- Tímasparnaðurinn er mikill.



Uppbygging





Hvers vegna núna?

- Tímabært er að fara í vinnu á millilagi á auðguðum gögnum úr landupplýsingakerfinu okkar samhliða þróun á hverfasjá. Ef hverfasjá á að vera auðveld og einföld í reglubundnu viðhaldi til framtíðar er millilagið mjög mikilvægur hlekkur.
- Það sama gildir um aðrar vörur Reykjavíkurborgar sem snúa að því að birta upplýsingar á korti.
- Ávinningur sem skilar sér í tímasparnaði, álagssparnaði, launasparnaði, ásamt traustari upplýsingagjöf og betri þjónustu við íbúa..



Ábatinn af millilaginu er mikill

- **Tímasparnaður** hjá forriturum, gagnasérfræðingum sem og öðrum sérfræðingum innan borgarinnar, og jafnvel utan, sem vilja birta gögn úr LUKR á sem einfaldastan og skilvirkan hátt fyrir notendur.
- **Álagssparnaður** hjá forriturum, gagnasérfræðingum sem og öðrum sérfræðingum.
- **Launasparnaður** til framtíðar
- **Innviðir.** Vel strúktúruð gögn tryggja áreiðanleika og bjóða upp á ótal möguleika í framtíðinni.



Hver er staðan í dag?

Unnið er að því að setja saman teymi til að hefja þróun á millilaginu.

Teymið samanstendur af:

- Framendaforritara
- Bakendaforritara
- Gagnasérfræðingi
- DevOps sérfræðingi
- Framleiðanda



Hvað er svo framundan?

Hver eru næstu skref?

- Setja saman teymi
- Vinnustofa með teyminu til að skýra öll smáatriði hönnunar og markmið með millilaginu
 - Hvað er þetta og hvað er þetta ekki
 - Smíðum þetta einu sinni og gerum það rétt frá upphafi
- Hefja þróun



Reykjavík